

Hr. Bjarni Benediktsson
Fjármála- og efnahagsráðherra
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík

Reykjavík, 22. mars 2022

Efni: Sala á hlutum í Íslandsbanka hf.: Lokaverð, útboðsstærð og úthlutun til bjóðenda

Í dag birti Bankasýsla ríkisins fyrir hönd íslenska ríkisins ásamt ráðgjöfum sínum¹ fréttatilkynningu um fyrirhugaða sölu á hlutum í Íslandsbanka hf. („Íslandsbanki“). Salan fór fram með tilboðsfyrirkomulagi, í lokuðu útboði til hæfra fjárfesta.

Tilboð liggja nú fyrir. Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 4. gr. laga nr. 155/2012 um sölumeðferð eignarhluta ríkisins í fjármálfyrirkomulagi skilar Bankasýsla ríkisins hér með til ráðherra rökstuddu mati á tilboðunum.

Verð og stærð útboðs

Samkvæmt upplýsingum frá söluráðgjöfum stofnunarinnar hafa á milli 150 og 200 hæfir fjárfestar, íslenskir og erlendir, skráð sig fyrir hlutum í útboðinu fyrir samtals meira en 100 ma.kr. Á þessum grundvelli, og að virtum tillögum leiðandi söluráðgjafa stofnunarinnar og að fenginni ráðgjöf frá fjármálaráðgjafa stofnunarinnar, leggur Bankasýsla ríkisins nú til við ráðherra:

- Að lokaverð í útboðinu verði 117 á hvern hlut.
- Að 450.000.000 hlutum verði úthlutað, þ.e. 22,5% af heildarhlutafé bankans.

Í lok dags í dag var markaðsverð á hlutum í Íslandsbanka 122 kr. á hvern hlut.² Lokaverð í útboðinu felur því í sér 4,1% frávik frá því. Að mati ráðgjafa Bankasýslu ríkisins er það innan eðlilegra marka miðað við sambærileg viðskipti. Bankasýsla ríkisins telur sig hafa tryggt hæsta mögulega verð fyrir hlutina miðað við útboðsstærð ásamt því að hafa dregið úr þeirri langtímahættu sem fylgir eignarhaldi ríkisins á fjármálfyrirkomulagi.

¹ Sem voru sem leiðandi söluráðgjafar Citigroup Global Markets Europe AG, J.P. Morgan AG og fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hf. ásamt fjármálaráðgjafa stofnunarinnar sem voru STJ Advisors.

² Hlutafjármargfaldari Íslandsbanka miðað við útboðsverð er 1,22x.

Úthlutun

Vegna umframeftirspurnar í útboðinu er óhjákvæmilegt að skerða hlut einstakra bjóðenda við úthlutun. Í lögum nr. 88/2009 um Bankasýslu ríkisins, lögum nr. 155/2012 um sölumeðferð eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum, ákvörðun ráðherra þann 18. mars 2022 og eigandastefnu ríkisins frá febrúar 2020 er að finna viðmið sem lúta að sölu og eignarhaldi ríkisins í fjármálafyrirtækjum. Í ljósi þeirra leggur Bankasýsla ríkisins til að eftifarandi atriði verði einkum höfð að leiðarljósi við úthlutun til bjóðenda:

- Dreift eignarhald og fjölbreytileiki í eigandahópi.
- Efling innlendra fjármálamarkaða.
- Aukin virk samkeppni á fjármálamarkaði.
- Að fjárfestar sem horfi til lengri tíma fjárfestinga verði fyrir minni skerðingu en skammtímafjárfestar.
- Langtímahagsmunir ríkissjóðs með tilliti til áhættu.
- Áhrif á eftirmarkað.

Þessu til viðbótar verði tekið mið af viðteknum venjum á hlutabréfamörkuðum. Endanleg ákvörðun um úthlutun verði tekin að virtum tillögum leiðandi söluráðgjafa Bankasýslu ríkisins og að fenginni ráðgjöf frá fjármálaráðgjafa stofnunarinnar.

Endanleg sala, úthlutun og frágangur

Bankasýsla ríkisins telur framangreindar tillögur um sölu á eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka uppfylla ákvæði þeirra laga sem stofnunin starfar samkvæmt. Jafnframt er það mat stofnunarinnar að tillögurnar séu í samræmi við ákvörðun ráðherra um sölu á hlutum í Íslandsbanka, dags. 18. mars 2022 og meginmarkmið eigandastefnu ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki.

Bankasýsla ríkisins óskar hér með eftir því að ráðherra veiti stofnuninni heimild til að ráðast í endanlega sölu eignarhlutanna og úthlutun til bjóðenda, til samræmis við framangreint, sbr. ákvæði 2. mgr. 4. gr. laga nr. 155/2012.³ Í því felist m.a. að forstjóra stofnunarinnar verði veitt umboð til að undirrita fyrir hönd ríkisins viðeigandi viðauka í sölusamningi (e. placement agreement) og gefa fyrirmæli um framsal hluta við uppgjör viðskiptanna svo unnt sé að ljúka sölumeðferðinni.

³ Gert er ráð fyrir slíkri heimild í ákvæði 2. mgr. 4. gr. laga nr. 155/2012, sbr. athugasemdir við ákvæðið í greinargerð sem fylgdi frumvarpi til laganna er það var lagt fram á Alþingi en þar segir: „Gert er ráð fyrir að ráðherra geti falið Bankasýslu ríkisins að annast endanlegan frágang vegna sölu eignarhluta.“


Virðingarfyllst,



Lárus L. Blöndal, formaður stjórnar



Margrét Kristmannsdóttir, varaformaður



Vilhjálmur Bjarnason, meðstjórnandi